



Byggðastofnun

Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 150/138/17
komudagur 8.4.2010

Dagsetning
08.04.2010

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um Vestfirði sem vettvang kennslu í sjávarútvegsfræðum og vettvang rannsókna á málefnum hafsins og strandsvæða, mál 114.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur að tillagan falli vel að áherslum í byggðaáætlunum. Hún felur í sér aukna fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu og samþættir kennslu, rannsóknir og starfsemi atvinnufyrirtækja. Tillagan getur einnig verið liður í stefnumörkun háskólastarfs með tilliti til sérstöðu svæða.

Byggðastofnun telur að ýmsar forsendur séu fyrir þessu hlutverki Vestfjarða. Sjávarútvegur hefur lengstum verið burðarás byggðar á Vestfjörðum og á ýmsum sviðum hefur landshlutinn verið í forystu t.d. á sviði atferlis- og veiðarfærarannsókna og þorskeldis. Byggðastofnun telur eðlilegt að þessi sérstaða verði viðurkennd og komi fram sem ein af megináherslum sóknaráætlunar fyrir Vestfirði. Á þjóðfundi sem haldinn var í Bolungarvík og í kynningu Vestfirðinga á opnum fundi um niðurstöður þjóðfunda í landshlutum, sem haldinn var á Akureyri á vegum forsætisráðuneytisins 7. apríl, kom fram að megingintillaga heimamanna er að byggður verði upp háskóli hafsins á Vestfjörðum. Önnur mikilvægasta tillagan, sem kynnt var á fundinum hafði heitið sjávarútvegur/eldi og að þessar tvær tillögur væru rökrétt sérstaða Vestfjarða. Vilji heimamanna er því skýr í þessum efnum.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar